

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2018

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir, 52. mál.**

Með rafbréfi, dags. 15. febrúar 2018, óskaði Atvinnuveganefnd Alþingis eftir athugasemdum Skógræktarinnar vegna tillögu til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir. Skógræktin hvetur til þess að tillagan verði samþykkt.

Skógræktin starfar eftir lögum um skógrækt nr. 3/1955 og lögum um skógrækt á lögbýlum nr. 95/2006. Markmið laga nr. 3/1955 er lýst í 1. gr.: 1. að vernda, friða og rækta skóga og skógarleifar, sem eru í landinu; 2. að græða upp nýja skóga, þar sem henta þykir; 3. að leiðbeina um meðferð skóga og kjarrs og annað það, sem að skógrækt og skóggæðslu lýtur. Tilgangi og markmiðum laga nr. 95/2006, er þannig lýst í 1. gr.: að skapa skógarauðlind á Íslandi, rækta fjölnytjaskóga og skjólbelti, treysta byggð og efla atvinnulíf. Skal Skógræktin eftir því sem nánar er ákveðið í fjárlögum hverju sinni veita fé til skógræktar á lögbýlum í öllum landshlutum. Í hverjum landshluta skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis neðan við 400 m yfir sjávarmáli.

Skógræktin, með vísun í fyrrgreind lög, annast ræktun og umhirðu skóga á jörðum í ríkiseigu en einnig fjárhagslega og faglega hvatningu til landeigenda, til þess að þeim sé gert kleift að rækta, hirða um og nýta skóga á landi í einkaeign. Skógræktin vill því í ljósi tilgangs fyrrgreindra laga hvetja til þess að gaumur verði gefinn að því að jarðir eða jarðarspildur í ríkiseign verði sem víðast nýttar til skógræktar, óháð því hvort jarðir í ríkiseign verði seldar einkaaðilum eða þær verði áfram í eigu ríkisins. Ekki síst yrðu slíkar aðgerðar nýttar til þess að uppfylla markmið Parísarsamkomulagsins í loftslagsmálum og markmiðsins um kolefnishlutlaust Ísland árið 2040, enda skógrækt álitin ein skilvirkasta aðgerðin til þess að draga úr nettó-losun gróðurhúsalofttegunda. Slíkar aðgerðir myndu um leið nýtast til þess að auka framtíðarverðmæti þessara jarða, efla lífríkið og stuðla að traustri, efnahagslegri starfsemi í dreifðum byggðum landsins.

Áriðandi er að bregðast við þeim miklu breytingum á landnotkun sem orðið hafa á síðustu áratugum. Skógræktin tekur heilshugar undir með flutningsmönnum fyrirbyggjandi tillögu til þingsályktunar um að mótuð verði eigendastefna fyrir bújarðir í

eigu ríkisins, en þykir að sú stefna eigi jafnframt að ná til annars lands í eigu ríkisins sem ekki teljast bújarðir. Má þar nefna eyðijarðir og þjóðlendur, en víða um land er að finna lendur og jarðir í ríkiseign sem ekki er fyrirsjáanlegt að verði nýttar sem bújarðir - í hefðbundnum skilningi - á komandi árum en þar sem vel væri hægt að rækta mikinn og öflugan skóg og binda mikið kolefni. Mikilvægt er, að eigendastefna ríkisins endurspegli þörfina á markvissum aðgerðum í loftslagsmálum um leið og tryggður er áframhaldandi grundvöllu búsetu og atvinnustarfsemi í dreifðum byggðum landsins.

Virðingarfyllst, f.h. Skógræktarinnar.



**Dr. Aðalsteinn Sigurgeirsson**

Fagmálastjóri,  
Skógræktin, aðalskrifstofa  
Miðvangi 2-4  
700 Egilsstaðir  
adalsteinn@skogur.is, s. 8987862